Fréttabréf Fræðslu- og menningarsviðs Dalvíkurbyggðar

8.TBL.
JANÚAR 2016
ÁBYRGÐ: DÓRÓPEA REIMARSDÓTTIR

Lestur og læsi

Á haustdögum skuldbatt Dalvíkurbyggð sig, eins og önnur sveitarfélag landsins, til að vinna að markmiðum *Þjóðarsáttmála um læsi* í samstarfi við Mennta– og menningarmálaráðuneytið. Ráðuneytið leggur til ráðgjöf en að öðru leyti er verkefnið á hendi sveitarfélaganna. Læsi er lykill, í orðsins fylltu merkingu, því það veitir aðgang að óendanlegu magni upplýsinga. Það er sameiginleg ábyrgð heimilis og skóla að barn nái tökum á lestri. Undirstaða góðrar lestrarfærni er góður málþroski og því afar mikilvægt að lykilfólk í umhverfi ungra barna sé duglegt að efla orðaforða þeirra með lestri bóka og almennu spjalli.

Þegar barn sýnir áhuga á ritmáli er mikilvægt að mæta honum. Allt niður í 2ja-3ja ára börn geta lært að þekkja bókstafina og í framhaldinu hljóð þeirra. Leikskólinn vinnur að því að efla undirstöðufærni lestrar en formleg lestrarkennsla bíður almennt grunnskólans. Reynslan sýnir þó að mörg börn eru komin vel af stað í lestri þegar grunnskólaganga hefst. Að ná snemma góðum tökum á lestri auðveldar allt annað nám.

Það sama á við um lesturinn og íþróttirnar að æfingin skapar meistarann og mismunandi er hversu mikið hver og einn þarf að leggja á sig til að ná góðum árangri. Kennarinn leggur grunninn en þjálfunin þarf að stórum hluta að fara fram heima. Því er áríðandi að foreldrar, afar og ömmur líti á sig sem mikilvægan hlekk í lestrarnámi barna sinna og barnabarna. Mesta hjálpin fyrir börn sem eiga í lestrarörðugleikum felst í að lesa sem mest. Að gera lestarnámið skemmtilegt skiptir máli. Því þarf sá texti sem lesinn er að höfða til barnsins. Allt er gott í bland íþóttafréttir, myndasögur, ljóð, skáldsögur og fræðitextar. Nú eru grunnskólarnir að taka upp lestrarþjálfunaraðferð sem kallast PALS-pör að læra saman. Hún byggist á mjög markvissri 35 mínútna lestrar- og lesskilningsþjálfun þrjá daga í viku í 12 vikur á hverju skólaári frá 2. bekk.

Dalvíkurskóli

LAP verkefnið í Dalvíkurskóla

Eins og í leikskólunum hófst í haust innleiðing á **LAP** í tveimur yngstu bekkjum Dalvíkurskóla. Áhersla er lögð á að kynna og vinna með móðurmál allra barna í hverjum bekk og að fá aðstoð foreldra varðandi þýðingar og önnur tilfallandi verkefni. Nemendur í 1. bekk hafa gert afmælisdagatal með þjóðfánunum þar sem mánaðaheitin eru á tungumálum bekkjarins. Í 2. bekk hefur verið unnið með þjóðfána, land og móðurmál nemenda og hvernig heilsað er á tungumálunum.

Samstarf við eldri borgara í Dalvíkurbyggð

Í mörg ár hafa eldri borgarar í Dalvíkurbyggð og Dalvíkurskóli átt með sér samstarf í formi spilastunda í Mímisbrunni, húsi eldri borgara. Í haust var samstarfið aukið með lestrarsamstarfi milli eldri borgara og yngri deildar skólans. Eldri borgarar komu í skólann daglega í nokkrar vikur á haustmánuðum og létu yngstu nemendurna lesa. Ekki mátti á milli sjá hvorir höfðu meira gaman af, börnin sem ljómuðu af gleði yfir að fá að lesa eða eldri borgararnir sem hlustuðu af athygli og spjölluðu oftast líka við unga fólkið um daginn og veginn. Innan skamms mun þráðurinn verða tekinn upp aftur.

Starfshópur um bættan námsárangur

Síðastliðið vor ákvað fræðsluráð Dalvíkurbyggðar að stofna starfshóp til að vinna að bættum námsárangri í Dalvíkurbyggð og byrja í Dalvíkurskóla. Starfshópinn skipa allir stjórnendur skólans, kennsluráðgjafi Dalvíkurbyggðar og þrír kennarar við skólann. Unnið hefur verið að því að bæta markmiðasetningu námsgreina og gera hana sýnilegri fyrir nemendur og foreldra. Einnig hefur verið leitað leiða til að efla lestrarfærni nemenda og drög lögð að því hvernig stuðla megi að sem árangursríkustu samstarfi við foreldra um skólastarfið og nám barna þeirra.

Frístund

Frístund er á neðri hæð Víkurrastar. Þar býðst þjónusta fyrir börn í 1.-4. bekk eftir að skóladegi lýkur og fram til kl. 16:15. Nú eru þar 26 börn. Hafdís Sverrisdóttir er forstöðumaður og með henni starfar Jolanta Brandt. Við hlið þeirra vinnur Margrét Traustadóttir starfsmaður félagsþjónustu Dalvíkurbyggðar. Skráning í Frístund er hjá riturum Dalvíkurskóla eða Hafdísi í síma 661-1747.

Í Frístund er fengist við ýmislegt og þar býðst stuðningur við heimanám. Mörg börn fara þaðan í ýmiss konar frístundaiðkun, s.s. á íþróttaæfingar og í tónlistartíma. Frístund þiggur með þökkum bækur, spil og leikföng sem ekki nýtast lengur á heimilum.

Tónlistarskóli Dalvíkurbyggðar

Um það bil 100 nemendur stunda nú nám við Tónlistarskóla Dalvíkurbyggðar. Nýir kennarar eru þau Ella Vala Ármannsdóttir sem kennir á málmblásturshljóðfæri og Eyþór Ingi Gunnlaugsson sem kennir söng og á gítar. Í nóvember sóttu allir kennarar skólans rytmanámskeið hjá Brasilíumanninum Rodrigo Lopes. Samstarf við foreldra er í gegnum dagbækur og viku í september var foreldrum boðið upp á viðtöl við kennara og skólastjórnendur. Í október voru tveir vel sóttir tónfundir og í nóvember bryddaði skólinn upp á þeirri nýjung að hafa opið hús í Bergi síðdegis þar sem nemendur léku á hljóðfæri. Góð mæting var á allar uppákomurnar og mun opið hús í Bergi vera komið til að vera. Fimm vel sóttir jólatónleikar voru haldnir um miðjan desember þar sem um það bil 90 nemendur komu fram.

Nú er í skoðun hvort til hagsbóta sé að sameina Tónlistarskóla Dalvíkurbyggðar og Tónskóla Fjallabyggðar og mun það mál skýrast síðar á árinu.

Árskógarskóli

Á Kötlukoti hefur síðustu mánuði verið unnið með átthaga, landslag og samgöngur. Markmiðið er að börnin öðlist þekkingu á nánasta umhverfi, gróðri, örnefnum og landslagi. Einnig að börnin beri virðingu fyrir dýrum og náttúrunni. Nemendur hafa meðal annars grafið matarafganga, plast, ál og pappír til að fylgjast með hvað brotnar niður og hvað ekki. Reglulega er farið í gönguferðir til að fræðast um örnefni, kynnast fuglum og dýrum eða bara farið út í óvissuna í leit að einhverju nýju og spennandi. Fylgst er með trjágróðrinum og þeim breytingum sem verða eftir árstíðum og vöngum velt yfir hvað er manngert í umhverfinu og hvað ekki.

Bóka– og skjalasafn

Haustið hefur verið annasamt á bóka- og skjalasafninu. Myndahópurinn vann að upplýsingum um myndir úr safni Jónasar Hallgrímssonar af vegagerð og farartækjum í Dalvíkurbyggð. Lok þess starfs var sýning með hádegisfyrirlestri í desember. Sýningin mun rúlla á sýningartjaldinu í Bergi eitthvað fram eftir janúarmánuði.

Leikskólahópar hafa verið duglegir að mæta í sína föstu tíma á bókasafninu á mánudögum og þriðjudögum. Þannig hafa öll 3ja - 5 ára leikskólabörn komið í sögustund að minnsta kosti tvisvar frá því í september.

Í október var haldin vel heppnuð pólsk kvikmyndahátíð á vegum bókasafnsins. Samtímis var kynning á þeim nýju pólsku bókum sem keyptar voru á árinu. Stefnt er að því að endurtaka leikinn næsta haust og kynna nýja pólska kvikmynd.

Ýmislegt

Heilsueflandi samfélag

Dalvíkurbyggð heldur áfram með verkefnið *Heilsueflandi samfélag* í samstarfi við embætti landlæknis. Fyrsta árið var megináhersla lögð á **hreyfingu** og í ár á **næringu**. Næsta ár verður áherslan á **líðan** og þar næsta ár á **lífsgæði**. Fram á næsta haust verður boðið upp á fyrirlestra, ráðgjöf og fleira sem varðar næringu. Við byrjuðum árið af krafti því 8. janúar kynnti Erla Gerður Sveinsdóttir, heimilislæknir og fagstjóri heilbrigðisþjónustu hjá Heilsuborg, leiðir til léttara lífs í fyrirlestri sem bar heitið *Af hverju er megrun fitandi?*. Fyrirlesturinn var í samstarfi við kvenfélagið Hvöt á Árskógsströnd og var mjög vel sóttur.

Heilsan hefur mikil áhrif á lífsgæði okkar og hún er ekki sjálfgefin. Hver og einn þarf að leggja sitt af mörkum í samfélagi sem hefur það að markmiði að vera heilsueflandi. Við getum flest gert örlítið betur í þeim efnum og það er öllum til hagsbóta að huga að heilsunni. Hjálpumst að, styðjum hvert annað og sýnum frumkvæð. Oft skipta litlu skrefin sem við tökum miklu máli og þá er gott að eiga einhvern að sér til stuðnings. Möguleikar til heilsueflingar fyrir íbúa Dalvíkurbyggðar eru óþrjótandi.

Breyting á skipan fræðsluráðs

Í nóvember tók Lilja Björk Ólafsdóttir við formennsku í fræðsluráði af Þórhöllu F. Karlsdóttur sem jafnframt hætti setu í ráðinu. Nýr fulltrúi í fræðsluráði er Steinunn Jóhannsdóttir sem jafnframt er varaformaður.

Ýmislegt

Starfsmannabreytingar á fræðslu– og menningarsviði Dalvíkurbyggðar

Hildur Ösp Gylfadóttir sviðsstjóri fræðslu– og menningarsviðs hætti störfum nú um áramótin. Hlynur Sigursveinsson hefur verið ráðinn í hennar stað. Hann kemur til starfa þann 20. janúar. Hlynur hefur lengst af starfað við fjármálastofnanir og er með meistarapróf í hagfræði.

Helga Björt Möller kennsluráðgjafi lét af störfum í sumar. Í hennar stað kom Dóróþea Reimarsdóttir. Hún hefur langa reynslu af kennslu í grunnskóla og er með meistarapróf í sérkennslufræðum.

Félagsmiðstöðin Týr

Félagsmiðstöðin er opin fólki á aldrinum 6-20 ára. Einu sinni í mánuði er opið fyrir 6-9 ára, tvisvar í mánuði fyrir 10-12 ára, þrisvar í viku fyrir 13-15 ára og einu sinni í viku 16 ára og eldri. Einnig er farið í Árskóg einu sinni í mánuði til að hitta þar krakka á aldrinum 6-9 ára. Það sem af er vetri hefur mæting í félagsmiðstöðina verið góð. Sem dæmi má nefna að yfir 100 einstaklingar tóku þátt í mjög skemmtilegu brjóstsykursgerðarnámskeiði fyrir jólin. Furðufatadagur, kjánaleikar, pógó og ruslatunnufótbolti eru orðnir fastir liðir í starfinu en misjafnt er hvaða aldur tekur þátt í hvaða viðburði þótt einstaka viðburðir séu þvert á alla aldurshópa.
Sérstakt nemendaráð skipað unglingum úr 8.-10. bekk starfar með forstöðumanni en opnun er lengst fyrir þann aldur. Ráðið ákveður viðburði í samráði við forstöðumann og aðstoðar við framkvæmd þeirra. Meðal viðburða haustsins var annað Landsmót allra félagsmiðstöðvanna á Akureyri og Týs sem haldið var á Dalvík dagana 21.-22. nóvember. Þátttakendur voru tæplega 70 í ár og ýmislegt skemmtilegt brallað. Fyrri daginn leystu hópar þrautir hér og þar um Dalvík, fóru í sundlaugarpartý, pizzuveislu og á kvöldvöku. Seinni daginn fór fram fjölbreytt smiðjuvinna. Til dæmis fræddust sumir um hættur þess að eiga Snapchat aðgang á meðan aðrir bökuðu kökur. Í lok nóvember kepptu þær Dagný Ásgeirsdóttir, Vigdís Sævaldsdóttir og Guðrún María Sigurðardóttir í Hörpunni á STÍLL 2015. STÍLL er hönnunarkeppni milli félagsmiðstöðva þar sem keppt er í hárgreiðslu, förðun og fatahönnun út frá ákveðnu þema sem í ár var *Náttúra*. Þær stöllur stóðu sig gríðarlega vel og á meðfylgjandi mynd sjást þær að keppni lokinni. Guðrún María er fyrir miðri mynd og skartar hún hönnun þeirra.

Á nýju ári verður starfsemi félagsmiðstöðvarinnar með svipuðu móti. 11. janúar fór söngkeppni félagsmiðstöðvarinnar á Dalvík fram í Bergi. Valið stóð á milli þriggja atriða og bar Selma Guðmundsdóttir í 9. bekk sigur úr bítum eftir jafna keppni. Hún verður fulltrúi okkar í NorðurOrg sem fer fram á Húsavík 29. janúar. Þar munu siguratriði allra félagsmiðstöðva á Norðurlandi berjast um að verða eitt af 5 atriðum sem fara til þátttöku í söngkeppni Samfés í Laugardalshöllinni fyrstu helgina í mars.

Kátakot og Krílakot

Fjölmenningarlegt skólastarf-LAP verkefnið

Í Krílakoti og Kátakoti eru töluð 10 tungumál og unnið hefur verið markvisst að því að efla fjölmenningarlegt skólastarf á síðustu árum enda tala 25% barna í leikskólunum fleiri en eitt tungumál. Skólastjórnendur í Dalvíkurbyggð sóttu ráðstefnu um fjölmenningarlega menntun í Toronto í Kanada í október 2014 og kynntust þá LAP (Linguistically, appropriate practice) hjá höfundinum, Roma Chuumak–Horsbasch prófessor við Ryerson University. Hún hefur síðustu ár unnið að rannsókn á hvernig og hvort LAP aðferðin bæti fjölmenningarlegt skólastarf, efli tvítyngi og þátttöku fjölskyldna í samfélaginu. Hún hefur sýnt fram á að áhugi kennara og notkun á aðferðum LAP leiðir til betri námsárangurs og bætir líðan tvítyngdra barna. Einnig hafa þær jákvæð áhrif á skólabrag í heildina sem og samskipti heimilis og skóla. Roma bauð leikskólunum Krílakoti og Kátakoti að taka þátt í samanburðarrannsókn á notkun LAP og ákvað starfsfólk leikskólanna að þiggja það.

Þegar er byrjað að vinna eftir LAP og staðfæra aðferðina fyrir íslenskt samfélag. Krílakot og Kátakot, ásamt yngsta stigi Dalvíkurskóla, fengu styrk frá Sprotasjóði skólaárið 2015-2016 til að hefja verkefnið. Fyrsta skrefið var að kynna það foreldrum sem voru jákvæðir fyrir samstarfi. Foreldrahópurinn hefur þýtt ýmis orð og öll rými leikskólanna hafa verið merkt á öllum tungumálum sem nemendur tala. Einnig hafa kennarar unnið verkefni með nemendum og fengið foreldra í lið með sér, s.s. að koma með fjölskyldumyndir, tónlist og lesa fyrir börnin bækur á sínu tungumáli. Fjölmenningarleg verkefni verða reglulega á dagskrá yfir skólaárið með það að markmiði að styðja betur við tungumál barna og foreldra sem og að gera tungumálunum hátt undir höfði í skólanum og hafa þau sýnileg. Meginmarkmiðið er að ýta undir virkt tvítyngi með þátttöku foreldra og að efla fjölskylduna til þátttöku og áhrifa í samfélaginu.

Sameining Krílakots og Kátakots í haust

Nú eru byggingarframkvæmdir í fullum gangi við Krílakot og verður sameinaður leikskóli tekinn í notkun 10. ágúst næstkomandi. Vegna framkvæmdanna hefst sumarleyfi í Krílakoti 4. júlí og stendur í 5 vikur, einni viku lengur en í Kátakoti sem hættir starfsemi frá og með 11. júlí.